

## FUNDARGERÐ

Árið 2020, fimmtudaginn 17. desember kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík og einnig á fjarfundi í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir (á fjarfundi), Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson (á fjarfundi), Karen E. Halldórsdóttir (á fjarfundi), Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni (á fjarfundi), Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen (á fjarfundi), sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 15: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir frá 18. og 30. nóvember 2020

Lagðar voru fram fundargerðir frá 18. og 30. nóvember 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðir frá 18. og 30. nóvember 2020 voru samþykktar án athugasemda.*

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 (áætlun 5).

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.*

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2021

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 (áætlun 3).

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.*

### 4. Sameiningar sveitarfélaga

#### Vinnureglur

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um drög að vinnureglum ráðgjafarnefndar vegna úthlutunar framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020. Lögð voru fram drög að vinnureglum. Formaður ráðgjafarnefndar vék af fundi undir þessum lið.

*Fundarmenn samþykktu vinnureglurnar með breytingum.*

#### Umsókn frá sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2020, varðandi umsókn um framlag vegna sameiningar sveitarfélaga frá Húnavatnshreppi. Árið 2018 samþykkti

ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 18,6 m.kr. framlag til sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu vegna viðræðna sveitarfélaganna um sameiningu. Þær viðræður sem áttu sér stað í upphafi leiddu ekki til framkvæmdar atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaganna.

Nú hefur verið skipuð samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga og áætlað er að atkvæðagreiðsla um tillöguna fari fram 5. júní á næsta ári. Framlagið sem samþykkt var á árinu 2018 hefur verið greitt til sveitarfélaganna. Nú sækja sveitarfélögin um framlög vegna áframhaldandi vinnu að fjárhæð 22,2 m.kr.

Fram kom að framlögin að fjárhæð 18,6 m.kr. hafi verið greidd með eftirfarandi hætti:

- 2018: 9.562.182 kr.
- 2019: 9.056.818 kr.

Á fundunum voru samþykktar vinnureglur vegna úthlutunar á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 og samkvæmt þeim nemur framlag til sveitarfélaganna 26,6 m.kr.

Formaður ráðgjafarnefndar lagði fram tillögu um að frekari afgreiðsla framlaga til sveitarfélaganna verði með eftirfarandi hætti:

|                                    |                   |
|------------------------------------|-------------------|
| Framlag skv. vinnureglum:          | 26.608.000        |
| <u>Að frádregnu framlagi 2019:</u> | <u>9.056.818</u>  |
| <b>Ný samþykkt</b>                 | <b>17.551.182</b> |

*Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin tillögu formanns um framlag að fjárhæð 17,5 m.kr.*

Samþykkt nefndarinnar frá fundi hennar 17. desember er hluti af endanlegu framlagi að fjárhæð 17,5 m.kr.

## 5. Reykjavíkurborg

### Krafa um greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði

Lagt var fram til kynningar bréf ríkislögmans til borgarlögmans, dags. 11. desember 2020, varðandi svar við bréfi borgarlögmans um kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Meðfylgjandi var umsögn samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um kröfu Reykjavíkurborgar þar sem rakin eru sjónarmið íslenska ríkisins í ítarlegu máli og kröfum Reykjavíkurborgar alfarið hafnað.

## 6. Viðbótarframlög úr Jöfnunarsjóði árið 2020

### Framlög vegna fatlaðs fólks

Lagðir voru fram útreikningar frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs varðandi skiptingu viðbótarframlags vegna málefna fatlaðs fólks. Útreikningarnir byggja á þeim forsendum að fjármagnið deilist niður á sveitarfélög/þjónustusvæði með sama hætti og almennt framlag ársins 2020.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að greiða til sveitarfélaga/þjónustusvæða viðbótarframlög vegna fatlaðs fólks, samtals 670.000.000 kr., út frá áðurnefndum forsendum.*

### **Framlög vegna fjárhagsaðstoðar**

Lagðir voru fram útreikningar frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs þar sem fram komu upplýsingar frá sveitarfélögum um veitta fjárhagsaðstoð árið 2019 og 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að greiða til sveitarfélaga framlög vegna fjárhagsaðstoðar samtals 720.000.000 kr.*

### **Framlög vegna fjárhagserfiðleika**

Gefin var út yfirlýsing þann 30. september 2020 í tengslum við undirritun samkomulags ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál. Þar lýsa forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfir vilja sínum að afla fjárheimilda á Alþingi fyrir aðgerðir sem miða að því að veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu. Ein af aðgerðunum er 500 m.kr. framlag til sveitarfélaga sem glíma við fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 en orðrétt stendur í yfirlýsingunni:

**C. Sveitarfélög sem standa höllum fæti:** Veitt verði 500 m.kr. framlag árið 2020 sem nýtist til stuðnings þeirra sveitarfélaga sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins. Framlöggin verði veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og eftir atvikum Lánasjóð sveitarfélaga.

Greining starfshóps stjórnvalda leiddi í ljós misjafna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Mörg þeirra eru í góðum færum til að takast á við áhrifin meðan önnur standa verr að vígi m.a. vegna neikvæðrar íbúapróunar, lágra skatttekna og skuldastöðu.

Eins og fram kemur hér að ofan eru útreikningar framlaganna unnir í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitsnefndin lagði fram tillögu að aðferðafræði og forsendur til grundvallar við ákvörðun um úthlutun framlagsins en horft er til A-hluta sveitarfélaganna. Það er svo í höndum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að ákveða hvernig framlaginu verði skipt milli þeirra sveitarfélaga sem glíma við fjárhagserfiðleika.

*Að umræðu lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um úthlutun frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga að fjárhæð 458.000.000 kr.*

## **7. Lán úr Fasteignasjóði**

### **Ráðstöfun**

Rætt var um lántöku úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 1,5 ma.kr. sbr. heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Fram kom að 750 m.kr. yrðu notaðir á árinu 2020 til hækkunar á útgjaldajöfnunarframlögum og beðið verði með frekari ráðstöfun fjármagnsins þar til á árinu 2021.

## **8. Framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti**

### **Hækkun framlaga – endanleg framlög ársins 2020**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 18. nóvember 2020 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu

að fjárhæð 4.397,6 m.kr. Endurskoða þarf áætlunina á grundvelli breytinga á greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2020. Enduráætlun framlaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020 er að fjárhæð 4.472,6 m.kr. sem er hækkun um 75 m.kr. frá fyrri áætlun.

*Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að hækka áætlun framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um samtals 75 m.kr. og leggja til við ráðherra áætlun framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti fyrir árið 2020 að fjárhæð 4.472,6 m.kr.*

## 9. Tekjujöfnunarframlög 2020 Endanleg úthlutun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2020, ásamt tillögu að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga ásamt uppfærðu framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

Á fundi ráðgjafarnefndar 28. ágúst sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2020, sbr. 13. gr. reglugerðar, nr. 1088/2018. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna er lagt til að framlög til sveitarfélaga verði hækkuð upp í 94,33% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.250,0 m.kr. og komu  $\frac{3}{4}$  hlutar framlagsins til greiðslu í september eða samtals 937,5 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um úthlutun endanlegra tekjujöfnunarframlaga 2020. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 312,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.*

## 10. Útgjaldajöfnunarframlög 2020

### Tillaga að hækkun framlaga ársins 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 17. nóvember 2020 áætlun útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2020, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 9.800 m.kr. Gerð er tillaga að hækka áætlun útgjaldajöfnunarframlög um samtals 400 m.kr. Áætlun útgjaldajöfnunarframlög verða þá að fjárhæð 10.200 m.kr. á árinu 2020.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 9.432 m.kr. samkvæmt A-hluta og 768 m.kr. í B-hluta. Þar af er 750 m.kr. vegna skólaaksturs og 18 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2020. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 10.200 m.kr. á árinu 2020. Í nýrri áætlun er miðað við hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi miðað við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2020 vegna tekjuskerðingar.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka áætlun útgjaldajöfnunarframlög um samtals 400 m.kr. og leggja til við ráðherra endanleg útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2020 að fjárhæð 10.200 m.kr.*

### Viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. desember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Áætlun heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta

14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 nema samtals 750.000.000 kr. á árinu 2020. Til úthlutunar koma samtals 575.000.000 kr. á árinu, sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Áætlað var að 175.000.000 kr. kæmu til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010, sem endurskoðaðar voru 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2020 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Lagt var fram yfirlit yfir umsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2020 og eru helstu forsendur við útreikning framlaganna eftirfarandi:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2020 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2020.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 350.491.985 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur áætlað viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2020 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi samtals 175.000.000 kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs 2020 nema því 750.000.000 kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra að áætluðu viðbótarframlagi vegna skólaaksturs úr dreifbýli að fjárhæð 175 m.kr.*

### **Framlög vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks í dreifbýli**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Samkvæmt B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 eru veitt framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Útreikningur framlaga byggist á umsóknum frá sveitarfélögum og taka mið af akstursvegalengd, fjölda farþega og tíðni ferða.

Út frá gögnum sveitarfélaga er reiknaður út árlegur kostnaður við hverja leið og jafnframt kostnað á hvern km við hverja ferð. Sett er hámark á kostnaðarþátttöku á hvern ekinn kílómeter til að koma í veg fyrir að framlagið hvetji til aukins kostnaðar í skólaakstri. Hámarks framlag á hvern km ræðst svo af því heildarframlagi sem er til ráðstöfunar hverju sinni. Ef kostnaður á hvern km við tiltekna ferð er lægri en hámarkið segir til um er árlegur kostnaður við leiðina greiddur að fullu.

Alls bærust umsóknir frá 15 sveitarfélögum þar sem sótt er um samtals 23 leiðir og árlegur kostnaður er 26,5 m.kr. samanlagður. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir heildarframlag fyrir árið 2020 verði 18 m.kr. og hámarksframlag á hvern km verði 222 kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra að áætluðu framlagi vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli að fjárhæð 18 m.kr.*

## 11. Framlög vegna samþættingar þjónustu í þágu barna

### Ný framlög

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2020, um framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn. Samkvæmt frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er gert ráð fyrir að leggja þurfi sveitarfélögum til aukna fjármuni til að koma til móts við umfram útgjöld frumvarpsins. Samkvæmt ákvæði í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir fjármunum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðstöfun fjármuna úr honum til sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að áætluð fjárþörf sveitarfélaga vegna gildistöku laganna sé á bilinu 662-1.104 m.kr. Lagt er til að sjóðnum verði lagðir til fjármunir sem verði ráðstafað til sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Vegna óvissu um kostnað vegna frumvarpsins og ávinning til lengri tíma er lagt til að ráðstöfun fjármuna í Jöfnunarsjóð verði bundin við innleiðingartímabil verkefnisins 2022-2024 og að því loknu eigi sér stað endurmat á verkefninu að teknu tilliti til fjárþarfa sveitarfélaganna.

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

## 12. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

### Endanleg framlög 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2020, varðandi endanlega áætlun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir árið 2020 ásamt útreikningum. Á fundi ráðgjafarnefndar þann 18. nóvember sl. var tekin fyrir 3. áætlun sérþarfa fatlaðra nemenda og ákveðið að gefa sveitarfélögum kost á að koma fram með athugasemdir. Í kjölfarið var póstur sendur til framkvæmdastjóra allra sveitarfélaga landsins þann 1. desember sl. og er nú búið að taka tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Ný áætlun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda vegna ársins 2020 liggur því fyrir.

Alls er lagt til að greitt verði með 813 einstaklingum:

- af þeim hafa 692 verið metnir SIS mati.
- af þeim eru 121 á grunni eldri vinnureglna sjóðsins.

Til samanburðar var árið 2019 greitt með alls 741 nemanda, þar af 641 á grunni SIS mats og 138 á grunni eldri vinnureglna. Sú breyting var á vinnulagi framlags í ár að ekki hefur verið óskað eftir umsóknum frá sveitarfélögum heldur var notast við öll þau SIS mót sem gerð hafa verið (ásamt fyrirliggjandi flokkun skv. eldri vinnureglum sjóðsins) og sá hópur keyrður saman við lögheimilisskráningu þann 1. september 2019. Þar sem SIS mat ræður framlagi og gera má ráð fyrir að öll börn á grunnskólaaldri stundi nám, má færa rök fyrir því að óþarft sé að óska eftir umsóknum en notast þess í stað við fyrirliggjandi gögn. Við þessa aðferð fjölgar nokkuð í hópi þeirra sem greitt er með, úr 741 í 813, svo framlagið verði innan þess ramma sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir er lagt til að þær fjárhæðir sem fylgi flokkum taki eftirfarandi breytingum: framlag per SIS flokk lækki um 300.000 kr. og framlag eftir eldri vinnureglum lækki um 450.000 kr.

*Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu til ráðherra um endanlega úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2020, samtals að fjárhæð 2.682.252.460 kr.*

### 13. Mælaborð vegna sérkennslu í sveitarfélögum

#### Umsókn frá Reykjanesbæ og Akureyrarbæ

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Akureyrarbæ, dags. 14. desember 2020, um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna mælaborðs Kara Connect um hagræna velferð. Í erindinu kemur fram að sveitarfélögin Akureyrarbær og Reykjanesbær hafi hafið samstarf við Köru Connect til að greina hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar til að byggja upp mælaborð sem endurspeglar tölfræði og stöðu mála um þjónustu velferðarmála í sveitarfélögunum.

*Að umfjöllun lokinni var nefndin sammála um að fresta afgreiðslu erindisins og óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið m.a. hvar í þjónustu sveitarfélaganna mælaborðið verði notað og jafnframt hvernig farið verði með eignarhald á þeim gögnum sem unnið verði með.*

### YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

### 14. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

#### Viðbótaframlög árið 2020 vegna rekstrarniðurstöðu 2019

Undanfarin ár hefur verið stuðst við rekstraruppgjör sveitarfélaga/þjónustusvæða við útreikning viðbótarframlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks. Með því hefur verið komið til móts við hallarekstur á þjónustusvæðum sem hefur verið nokkuð viðvarandi meðal flestra svæða frá því yfirfærslan átti sé stað árið 2011. Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins 2020 er gert ráð fyrir að viðbótarframlög á árinu geti numið allt að því 400 m.kr. Af þeim á eftir að ráðstafa 196,7 m.kr. þar sem þegar hafa komið til greiðslu framlög að fjárhæð 203,3 m.kr. vegna kostnaðar sem hefur beina tengingu við Covid-19.

Árið 2019 var farin sú leið við úthlutun viðbótarframlagsins að úthluta í samræmi við skiptihlutfall svæða en ekki út frá umfangi hallareksturs. Þó þannig að aðeins þau svæði sem reiknast í halla fá úthlutað, og úthlutunin geti aldrei fleytt svæðum í jákvæða rekstrarniðurstöðu. Þetta var vegna ákveðins skorts á samræmi og gegnsæi í gagnaskilum svæða. Með öðrum orðum þótti sýnt að svæði sem reiknast í halla hafi raunverulega verið rekin með halla þó nokkur óvissa sé um nákvæmt umfang hallans. Þar hefur t.a.m. áhrif hvernig kostnaðarliðir eru flokkaðir í gagnaskilum, þ.e.a.s. hvort kostnaður falli undir yfirfærsluna eða hvort hann falli undir lið sem var hjá sveitarfélaginu áður. Lagt er til að sama leið verði farin vegna viðbótarframlagsins 2020.

*Að umfjöllun lokinni var ákveðið að fresta afgreiðslu erindisins fram á næsta fund nefndarinnar og fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að koma með fleiri mögulegar útfærslur á útreikningum framlagsins.*

### 15. Skálatún

#### Staða mála

Lagt var fram minnisblað frá skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, dags. 17. desember 2020, varðandi sameiginlegan sáttasemjara vegna Skálatúns og Mosfellsbæjar. Vísað er til minnisblaðs dags. 16. júní 2020 varðandi málefni sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og samning þess við Mosfellsbæ. Þar var upplýst um vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu á rekstri og starfsemi Skálatúns, en fulltrúi ráðuneytisins hefur aðstoðað sveitarfélagið og rekstraraðila Skálatúns, að þeirra ósk, við að ná sáttum um framtíðarskipulag á starfseminni. Þar var annars vegar

greint frá rammatillögu um varanlega lausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins, sem hafði þá verið hafnað af báðum aðilum og hins vegar tillögu um tímabundið verkefni fram eftir ári, en að því loknu og á grundvelli þess væri hægt að taka afstöðu til rammatillögu og sjá fyrir endann á þeirri viðleitni að koma á sjálfbærum rekstri og eftir atvikum undirbúa yfirtöku sveitarfélagsins á öllum rekstrinum.

Aðilar hafa nú komið sér saman um fjármögnun verkefnisins á næsta ári og sjá fyrir sér að fullri fjárhagslegri sjálfbærni rekstursins við lok þess. Samningsaðilar skuldbinda sig við eftirfarandi:

- Skálatún vinnur að framgangi rekstraráætlunar sem kynnt hefur verið fyrir aðilum.
- Mosfellsbær greiðir vegna 35 einstaklinga óháð nýtingu.
- Mosfellsbær greiðir 22 m.kr. aukalega í upphafi árs 2021.
- Viðskiptaskuld Mosfellsbæjar við Skálatún verður ekki gjaldfelld en uppgjör skoðað í tengslum við viðræður um framtíðarnýtingu á landi.
- Aðilar skuldbinda sig til að hefja viðræður um framtíðarnýtingu á fasteignum og landi sem Skálatún hefur afnotarétt af.

Til að tryggja markmið um fulla rekstrarlega sjálfbærni fyrir árslok 2021 leggur sáttaaðili jafnframt til að eftirfarandi viðbótarframlög verði veitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga:

- 25 m.kr. sem greiddar verði út fyrir áramót.
- 20 m.kr. sem greiddar verði út á árinu 2021.

Aðgerðirnar allar, bæði þær sem gripið var til fyrr í sumar og þær sem hér eru lagðar til, eru í meginatriðum í samræmi við rammatillöguna sem sett var fram fyrir um einu og hálfu ári síðan, ef frá er talin tillagan um viðbótarframlag úr Jöfnunarsjóði á komandi ári.

Með þessum aðgerðum telja aðilar tryggt að fjárhagsleg endurskipulagning geti farið fram án þess að það raski þeirri mikilvægu þjónustu sem íbúar á Skálatúni njóta af sjálfseignarstofnuninni í umboði sveitarfélagsins. Telja má jafnframt að aðkoma fulltrúa ráðuneytisins sé lokið með þessum aðgerðum.

*Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að veita viðbótarframlög til Skálatúns, 25 m.kr. á þessu ári og 20 m.kr. á árinu 2021, um er að ræða lokaframlag. Nefndarmaðurinn Birgir Björn Sigurjónsson sat hjá í atkvæðagreiðslu.*

## 16. Framlög vegna gæðaeftirlits

### Kópavogsbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Kópavogsbæ, dags. 16. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna gæðaeftirlits. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur hafa gert samning við verktaka um eftirlit með starfsstöðvum fyrir fatlaða íbúa þessara sveitarfélaga. Óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðar eftirlitsins. Sótt er um framlag vegna kostnaðar á næsta ári að upphæð 15.600.000 kr.

*Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 15.600.000 kr.*



## 17. Notendastýrð persónuleg aðstoð

### Tillaga að úthlutun ársins 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2020, varðandi NPA framlög 2020 ásamt útreikningum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir sveitarfélögum/þjónustusvæðum framlög vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á grundvelli reglugerðar sjóðsins um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 616/2020. Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæðis nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings.

Fyrir liggja umsóknir sveitarfélaga vegna NPA samninga vegna ársins 2020, bæði vegna endurnýjunar nógildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Athygli er vakin á að allur kostnaður vegna öndunarvéla er greiddur með sérframlagi ríkisins og skiptist sú fjárhæð sem eftir stendur milli sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs í hlutföllunum 3/4 og 1/4.

Sótt er um framlag vegna 83 samninga. Árið 2019 var veitt framlag vegna 87 samninga að fjárhæð 438 m.kr. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir veitir ríkissjóður framlag til allt að 125 samninga árið 2020.

Að auki tekur Jöfnunarsjóður við 1% viðbótargreiðslu skv. 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð. Þessum fjármunum er ætlað að standa straum af kostnaði vegna langtímaforfalla aðstoðarfólks og er framlögum veitt til sveitarfélaga á grundvelli umsókna. Heildarfjárhæð vegna ársins 2020 er 21.471.670 kr. og er kostnaðarskiptingin sú sama og vegna NPA samninga (sveitarfélög 3/4 og ríki 1/4). Ríkishlutinn hefur skilað sér til Jöfnunarsjóðs, eða 5.367.917 kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin 25% kostnaðarþátttöku sjóðsins að upphæð 554.494.144 kr.*

## 18. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

### Breytingar á reglugerð

Lögð voru fram drög að breytingum á reglugerð nr. 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

*Að yfirferð lokinni ákvað nefndin að fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að ganga frá breytingum á orðalagi svo hægt væri að birta á samráðsgátt og taka jafnframt erindið upp á næsta fundi nefndarinnar í janúar.*

## 19. Tillögur að úthlutun stofnframlaga

### Tillaga að úthlutun í samráði við HMS

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um úthlutun stofnframlaga úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Um er að ræða þátttöku sjóðsins vegna fjármögnunar á hlutdeild í stofnframlagi vegna byggingar búsetukjarna fyrir fatlað fólk með miklar og sértækar stuðningsþarfir. Um er að ræða hlutdeild á móti framlagi sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ákveður að veita skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 – sértæk búsetuúrræði.

| Stofnframlagshafi   | Verkefni                              | Framlag<br>Jöfnunarsjóðs |
|---|---------------------------------------|--------------------------|
| Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses.<br>(Dalvíkurbyggð f.h. óstofnaðrar hses.) | Lokastígur 3, Dalvík                  | 11.835.622               |
| Bergisinn bs.   | Þjónustuíbúðir fyrir fatlaða, Selfoss | 9.966.921                |
| Heimilin íbúðafélag hses.<br>(Hafnarfjarðarkaupstaður f.h. óstofnaðs hses.) | Arnarhraun 50, Hafnarfirði            | 5.898.601                |
| Akureyrarkaupstaður   | Klettaborg 43, Akureyri               | 16.625.004               |
| Félags- og skólabjónusta Austur Húnavetninga                                | Flúðabakki, Blönduós                  | 12.943.922               |
| Félagsbústaðir hf.  | Árland 10, Reykjavík                  | 18.000.475               |
| Félagsbústaðir hf.  | Stjörnugróf 11, Reykjavík             | 18.697.791               |
| Félagsbústaðir hf.  | Rökkvatjörn 3, Reykjavík              | 9.697.615                |
| Heimilin íbúðafélag hses.   | Öldugata 45, Hafnarfirði              | 8.235.363                |
| Félagsbústaðir hf.  | Vesturgötu 67, Reykjavík              | 10.028.830               |
| Félagsbústaðir hf.  | Hagasel, Reykjavík                    | 8.354.221                |
| Félags- og skólabjónusta Snæfellinga bs.                                    | Ólafsbraut 62-64, Ólafsvík            | 18.000.000               |
|   | <b>Samtals</b>                        | <b>148.284.365</b>       |

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin úthlutun framlags úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 148.284.365 kr.*

## 20. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda

### Tillaga að úthlutun ársins 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2020, vegna lengdrar viðveru 2020 ásamt útreikningum. Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 186.000.000 kr. á árinu 2020 og er gert ráð fyrir að 146.000.000 kr. komi til úthlutunar vega lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 40.000.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Óskað var eftir því við þjónustuvæðin að þau sæktu annars vegar um vegna vorannar 2020 og hins vegar vegna haustannar 2020. Fjöldi þeirra sem nýta sér þjónustuna á hverju þjónustuvæði gefur hlutfallslegt vægi af heild þeirra sem nýta sér þjónustuna og er grundvöllur að endanlegu framlagi til þjónustuvæða.

*Að lokinni yfirferð samþykkti nefndin að veita framlag vegna lengdrar viðveru að fjárhæð 186.000.000 kr.*

## 21. Umsókn frá BSVEST

### Aðgengismál

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Byggyðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest), dags. 1. desember 2020, varðandi umsókn um framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs. Sótt er um framlag fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar vegna kostnaðar sem hlaut vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði einstaklings sem er með verulegar stuðningsþarfir til að gera honum kleift að búa á heimili sínu. Um er að ræða ramp upp að útidyrhurð sem áður voru tröppur,

kostnaður vegna rampsins og vinnunnar við hann var 1.197.561 kr. og er sótt um fulla endurgreiðslu á framkvæmdunum.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hafna beiðninni um framlag. Nefndin taldi minniháttar breytingar eins og hér um ræðir ekki falla undir hlutverk og tilgang Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

## 22. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 22. desember kl. 9:00 og næsti þar á eftir þann 29. janúar kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson